

67

## V. Gullbringu- og Kjósarssýsla.

1. Kjósarhreppur.
2. Kjalarneshreppur.
3. Mosfellshreppur.
4. Seltjarnarneshreppur.
5. Garðasókn.
6. Bessastaðasókn.
7. Kálfatjarnarsókn.
8. Njarðvíkursókn ásamt Keflavík.
9. Útskálasókn að undan tekinni Keflavík.
10. Hvalsnessókn.
11. Hafnarhreppur.
12. Grindavíkurhreppur að undan tekinni Krísuvík.

## VI. Borgarfjarðarsýsla:

1. Garðasókn á Akranesi, að undan skildum bæjunum: Galtarvík innri og ytri, Stóru-Fellsöxl, Litlu-Fellsöxl, Fellsaxlarkoti, Klafastöðum og Klafastaðagrund.
2. Leirár- og Melasóknir, og þeir bæir úr Garðasókn, sem nú voru nefndir.
3. Saurbæjarsókn og Grafardalur í Fitjasókn.
4. Lundar- og Fitjasóknir, nema bæirnir Grafardalur og Svangi.
5. Bæjar- og Hvanneyrarsóknir og bærinn Svangi í Fitjasókn.
6. Reykholt- og Stóra-Áss-sóknir.

Íslands suðuramt, Reykjavík, 9. maí 1896.

*J. Havsteen.*

68

## Skýrsla

um yfirsetukvenna-umdæmi í Vesturamtinu.

## I. Mýrasýsla:

1. Hraunhreppur.
2. Álptaneshreppur.
3. Borgarhreppur og bæirnir í Stafholtstungum fyrir ofan Norðurá.
4. Stafholtstungnahreppur fyrir sunnan Norðurá.
5. Gilsbakka og Síðumúlasóknir.
6. Norðurárdalshreppur og Þverárhlíðarhreppur.

## II. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla:

1. Skógarstrandarhreppur.
2. Helgafellssveit.
3. Eyrarsveit.
4. Neshreppur innri.
5. Neshreppur ytri.
6. Breiðuvíkurhreppur.

7. Staðarsveit og Miklaholtshreppur að Straumfjarðará.
8. Miklaholtshreppur fyrir innan Straumfjarðará og Eyjahreppur.
9. Kolbeinsstaðahreppur.

### III. Dalasýsla:

1. Hörðudalshreppur.
2. Haukadalshreppur og Miðdalahreppur norðan Miðár.
3. Laxárdalshreppur.
4. Hvammshreppur og Fellsstrandahreppur út að Skógum, að þeim bæ með töldum.
5. Frá Staðarfelli að Ballará, að báðum þeim bæjum meðtöldum.
6. Skarðssókn, Staðarhóls- og Hvolssóknir.

### IV. Barðastrandarsýsla<sup>1</sup>.

1. Geiradalshreppur og Reykhólahreppur fram að Bæjará.
2. Reykhólahreppur fyrir utan eða vestan Bæjará.
3. Gufudalshreppur frá Þorskafjarðará að Klettshálsi.
4. Múlahreppur ásamt Hjarðarnesi frá Klettshálsi að Vatnsdalsá, og þar með Kirkjuból á Bæjarnesi.
5. Flateyjarhreppur.
6. Barðastrandahreppur, að undanskildu Hjarðarnesi frá Vatnsdalsá.
7. Rauðisandur ásamt Keflavík og Látrum.
8. Patriksfjörður með Kollsvík og Breiðuvík.
9. Tálknafjarðahreppur.
10. Dalahreppur.
11. Suðurfjarðahreppur.

### V. Ísafjarðarsýsla:

1. Auðkúluhreppur.
2. Þingeyrarhreppur.
3. Mýrahreppur.
4. Mosvallahreppur (Holtsprestakall og Sæbólssókn).
5. Staðarprestakall í Súgandafirði.
6. Hólshreppur.
7. Eyrarhreppur.
8. Eyrarsókn í Seyðisfirði, 6: Álptafjörður, Seyðisfjörður, Hestfjörður, og af Ögursókn: Skötufjörður með Vigur, allt að Ögurnesi.
9. Reykjarfjarðahreppur og Ögursókn út að Ögurnesi.
10. Nauteyrarhreppur.
11. Snæfjallahreppur.
12. Grunnavíkurbhreppur.

---

1) Hin 5 fyrst-töldu umdæmi eru í Austur-Barðastrandarsýslu, og hin í Vestur-Barðastrandarsýslu.

- 68 13. Sljettuhreppur að Geirhólma.  
14. Sljettuhreppur yfir Strandir milli Geirhólma og Hælavíkur-ófæru.

#### VI. Strandasýsla:

1. Bæjarhreppur og Broddaneshreppur allt að Bitruhálsi.
2. Broddaneshreppur frá Bitruhálsi, Kirkjubólshreppur og Hrófbergshreppur.
3. Kaldrananeshreppur.
4. Árneshreppur.
5. Óshreppur og Fellshreppur.

Íslands Vesturamt. Reykjavík 9. maí 1896.

*J. Havsteen.*

### 69 Sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu

**Gjörir kunnugt:** Samkvæmt heimild í lögum nr. 18, 22. maí 1890, 6. gr., hefur sýslunefndin í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu sett svo hljóðandi:

#### Reglur

um hreinsun hunda í sýslunni.

##### 1. gr.

Sýslunefndin kýs 1—3 menn í hreppi hverjum, er annast skulu um hreinsun allra hunda í hreppnum. Skulu þeir vera eiðfestir og bera ábyrgð á, að engan hund reki undan.

Ber þeim að koma á hvert heimili, að vorinu til dagana 20.—30. maí, og að haustinu til dagana 1.—10. nóvember, og skulu þeir hafa boðað komu sína áður með nægum fyrirvara, en hundaeigendur soltið hunda sína eins og segir í 5. gr.

##### 2. gr.

Hafa skulu hreinsunarmenn meðferðis framtalsskrá hreppstjóra á öllum hundum í hreppnum; svo skulu þeir og rita hjá sjer hvern þann hund, er þeir hreinsuðu. Verði vart hunds, er eigi var getið á skrá hreppstjóra, skal hreppstjóra sagt til, en hann skýri aptur sýslumanni frá. Þegar að lokinni hreinsun í öllum hreppnum, skal oddvita send glögg skýrsla um árangur hreinsunarinnar, en oddviti sendi aptur oddvita sýslunefndarinnar fyrir janúarlok ár hvert.

##### 3. gr.

Alla hunda skal einkenna annaðhvort með fjármarki eiganda eða leðurbandi um háls, er á sje letrað nafn eiganda og heimili, og skulu hreinsunarmenn gæta þess vandlega, að eigi beri út af. Ómerktir hundar skulu þegar drepnir.

##### 4. gr.

Greiða skal hreinsunarmönnum 50 a. á ári fyrir hund hvern, hafi lyfið hrifið. Skal gjald þetta greiðast úr sýslusjóði og þegar hreinsuninni er lokið.

##### 5. gr.

Undirbúningur hunda undir hreinsunina og hreinsunin sjálf skal fara fram þannig: